

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 38/2011****2011/EES/37/32****frá 1. apríl 2011****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2011 frá 11. febrúar 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/379/ESB frá 5. júlí 2010 um áhættumat vegna vanbúnaðar sem kemur í ljós við tæknilegt eftirlit á vegum (með atvinnuökutækjum) í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF*“ bætist eftirfarandi liður við á eftir lið 36b (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/19/ESB) í XIII. viðauka við samninginn:

„36c. **32010 H 0379**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2010/379/ESB frá 5. júlí 2010 um áhættumat vegna vanbúnaðar sem kemur í ljós við tæknilegt eftirlit á vegum (með atvinnuökutækjum) í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB (Stjtíð. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 97).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2010/379/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(¹) Stjtíð. ESB L 93, 7.4.2011, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 19, 7.4.2011, bls. 9.

(²) Stjtíð. ESB L 173, 8.7.2010, bls. 97.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.